Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 60


## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.



Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.



**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

10/12

H. P. DUUS.

Reykjavík, þann 9. desbr 1910

Brf. 10/12 '10

By. 22

Til Byggingarnefndarinnar

Hjermeð leyfi jeg mjer virðingarfyllst að mælast til þess við hina háttvirtu byggingarnefnd, að hún veiti H. P. Duus verzlun leyfi til þess að byggja gang eptir hjálögðum uppdrætti yfir hið svonefnda Fischers Sund milli fiskgeymsluhúsa verzlunarinnar.

pp H. P. Duus
Jakob Jónsson

B. Rvk. 898/1910 By. 22

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10/12

Hérmeð vil ég fara þess á leit við hina Háttvirtu Byggingarnefnd Reykjavíkur að hún samþykki Breitingu samkvæmt meðfylgjandi Teikningu á Pakkhús-byggingu þeirri er ég hefi áður fengið leifi til að byggja Neðst á Lóð minni við Laugaveg № 33.

Reykjavík 2 Desember 1910
Guðríður J. Jónsdóttir.

Til
Byggingarnefndarinnar í Reykjavík.

B. Ark. 897/1910 – B.J. 22 –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8/12

**H. P. DUUS.**

*Reykjavík*, þann 6. desemb. 1910

Til byggingarnefndar Reykjavíkur.

Hjermeð leyfi jeg mjer virðingarfyllst að beiðast leyfis hinnar háttvirtu byggingarnefndar til lítilsháttar breytingar á skrifstofu verzlunarinnar, sem samkvæmt hjálögðum uppdrætti er aðallega í því fólgin, að setja hurð á hliðina út að Vesturgötu og jafnframt flytja dálítið gluggann, sem þar er. ./.

pp H. P. Duus
Jakob Jónsson

B. Rek. 897/1910 Bg 22

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16/12

Laufási við Reykjavík
10. desember 1910.

Ég kom áðan suður að byggingargrunni Eggerts Briem frá Viðey í Félagsgarði. Verkamenn þar segja mér að norður-veggur hinnar stóru byggingar eigi að vera í útbrún steingarðsins (eða fylgja traðarbrúninni). Ekki var þar grafið fyrir.

Sé svo, yrði úr því verulegt misrétti fyrir mig, sem auðvitað á ekki að vera.

Þessar traðir niður að Vatnsmýrinni* eru fyrirsjáanlega vegarstæði, og má búast þar við mestum veg, og byggingum þar með. Traðirnar eru þetta 10–11 álnir, víst mjórri ofantil, en vegur þarna mundi verða 16–20 álnir; líkl. 20 álna breiður, og er því sjálfgefið að taka verður jafnt af erfðafestu-

* milli Félagsgarðstúns að sunnan og erfðafestulands míns (Stekkjakotstúns) og lóðar að norðan,

B. Rvk. 899 / 1910 By. 22
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

löndunum, beggja megin. Man
eg að slíkt var fyrst venja,
enda það eitt rétt, þar sem kvöð
liggur á að láta til vegar. – Eins
mætti á það minna, að við ofan-
verðar traðirnar á eg lóð – um
40 álnir breiða samhliða Lauf-
ásvegi, þyrfti því eigi síðar upp
á hana að skera, beinu stefn-
unnar vegna ——

Þessari athugasemd minni
beini eg til háttvirts borgarstjóra
Reykjavíkur og bið hann að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

komi á framfæri við rétta hlutaðeigendur, og treysti að komi til réttra vegar

Virðingarfyllst
Björn Bjarnarson

Borgarstjóri Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit
## af fundargjörð byggingarnefndar Reykjavíkur

Ár 1910 10. desbr. var haldinn fundur í byggingarnefndinni, og gjörðist þá það, er hjer segir:

1. Br. H. Bjarnason, kaupm. sækir um að mega setja 3 ál. djúpan kjallara undir pakkhús sitt við Hafnarstræti, bæta 3½ al. hærri lopthæð ofan á það og flytja pakkhúsið um 1–1½ al. til norðurs út í götulínuna. Nefndin leyfði að gjörður væri kjallari undir húsið og það hækkað um 3½ alin, eins og beðið er um, en vill ekki leyfa flutning hússins fram að götunni, með því að gatan er svo mjó og húsið myndi þá standa framar í götunni en næsta hús.

2. Guðríði J. Jónsdóttur leyft í stað geymsluhúss þess 8°×15°, er henni var leyft að byggja á lóð sinni Laugav. 33 nyrst, hinn 15 okt. þ.á. að byggja þar á sama stað tvílopstað geymsluhús 8½°×17° og salerni upp frá því 6°×2°. Eldvarnarveggir eiga að vera á 2 vegu.—

4. H. P. Duus biður um leyfi til að byggja gang yfir Fischerssund milli fiskgeymsluhúsa verzlunarinnar beggja megin við sundið.— Leyfisins synjað.—

3. H. P. Duus leyft að gjöra þá breytingu á skrifstofunni í húsinu við Aðalstræti og Vesturgötu, að dyr verði á skrifstofunni út til Vesturgötu og að fordur verði til glugga. Ennfremur að eitt herbergi verði þar gjört úr tveimur.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Út af erindi biskups Þórhalls Bjarnarsonar, viðvíkjandi afstöðu lóðar Eggerts Briems við brautirnar milli Fjelagsgarðs og erfðafestulands biskups, var borgarstjóra og byggingarfulltrúa falið, að leita samkomulags við hlutaðeigendur um breytingu á fjósstæði því, sem leyft hefur verið á lóð Eggerts.

Allir á fundi, nema Kn. Zimsen, Rögnvaldur Ólafsson og G. Olsen.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Tryggvi Gunnarsson    Jón Jensson

Sig. Thoroddsen.




© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit
af fundargjörð byggingarnefndar Reykjavíkur

Ár 1910, 10. deskr. var haldinn fundur í byggingarnefndinni, og gjörðist þá það, er hjer segir:
1. Br. H. Bjarnason, kaupm. sækir um að mega setja 3 ál djúpan kjallara undir pakkhús sitt við Hafnarstræti, bæta 3½ al. hærri loptheð ofan á það og flytja pakkhúsið um 1–1½ al. til norðurs, út í götulínuna. Nefndin leyfði að gjörður væri kjallari undir húsið og það hækkað um 3½ alin, einnig bæði er um, en vill ekki leyfa flutning hússins fram að götunni, með því að gatan er svo mjó og húsið myndi þá standa framar í götunni en næsta hús.
2. Guðríði J. Jónsdóttur leyft í stað geymsluhúss þess 8° x 15°, er henni var leyft að byggja á lóð sinni Laugav. 33 mþst, hinn 15. okt. þ.á. að byggja þar á sama stað tvíloptað geymsluhús 8½° x 17° og salerni upp frá því 6° x 2°. Eldvarnarveggir eiga að vera á 2 vegu.
4. H. P. Duus, biður um leyfi til að byggja gang yfir Fischerssund milli fiskgeymsluhúsa verzlunarinnar beggja megin við sundið. Leyfinu synjað.
3. H. P. Duus leyft að gjöra þá breytingu á skrifstofunni í húsinu við Aðalstræti og Vesturgötu, að dyr verði á skrifstofunni út til Vesturgötu og að færður verði til gluggi. Ennfremur að eitt herbergi verði þar gjört úr tveimur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Út af erindi biskups Þórhalls Bjarnarsonar, viðvíkjandi afstöðu lóðar Eggerts Briems við traðirnar milli Fjelagsgarðs og erfðafestulands biskups, var borgarstjóra og byggingarfulltrúa falið, að leita samkomulags við hlutaðeigendur um breytingu á fjósstæði því, sem leyft hefur verið á lóð Eggerts.

Allir á fundi nema Kn. Zimsen, Rögnvaldur Ólafsson og G. Olsen.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Tryggvi Gunnarsson

Jón Jensson

Sig. Thoroddsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur